

Borgarráð 27. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um leigumarkaðsnefnd Reykjavíkur MSS23070094

Lagt er til að sett verði á laggirnar leigumarkaðsnefnd á vegum Reykjavíkurborgar. Hennar hlutverk verður að hafa eftirlit með framboði á húsnæði og stöðu leigjenda í Reykjavík sem allar kannanir sýna að er mjög bágborin.

Greinagerð:

Í 6. gr. laga um húsnæðismál er tekið fram að sveitarstjórnnum sé heimilt að fela sérstakri húsnæðisnefnd eða annarri nefnd á vegum sveitarfélagsins stjórn og framkvæmd húsnæðismála. Í 5. gr. er einnig tekið fram að sveitarstjórn beri ábyrgð á og hafi frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn fylgjast með þörf á húsnæði í sveitarfélaginu. Með því að stofna leigumarkaðsnefnd Reykjavíkurborgar væri hægt að hafa virkt eftirlit og afla gagna um stöðuna á leigumarkaði, í því skyni að geta gripið inn í ef ástandið er ólíðandi þeim sem þurfa á húsnæði að halda. Leigumarkaðsnefndir eru starfandi í öllum helstu nágrannalöndum okkar og eru sem dæmi hryggjarstykkið í dönsku húsaleigulögunum. Málaflokkurinn er orðinn það stór og íþyngjandi í Reykjavík að fullt tilefni er til að koma leigueftirliti af stað til að hafa yfirsýn með framboði á húsnæði og stöðu leigjenda.